

Morgunblaðið

Stjef.: H. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson.
Valtýr Stefánsson.
Ritstjórn og afgreiðsla:
Austurstræti 3. — Sími 1600.
Auglýsingastjóri: H. Hafberg.
Auglýsingaskrifstofa:
Austurstræti 17. — Sími 3700
Meiðsmálar:
Jón Kjartansson nr. 3743.
Valtýr Stefánsson nr. 4220.
H. Hafberg nr. 3770.
Áskriftagjald:
Innanlands kr. 3.00 á mánuði.
Útanlands kr. 3.50 á mánuði.
Í lausabúnaði 10 auru eintaki.
20 auru með Lesbók.

Kommúnistar.

* Kommúnistaflokkur Íslands gerist æði uppvöðslusamur á Siglufirði um þessar mundir. Þar nýtur hann sín best. Þar kemur „stefnan“ greinilegast í ljós, enda er það ekki ný bóla, að Siglufjörður sjá um síldveiðatímann vettvangur þeirra manna, sem á lægsta menningarstigi standa í þjóðfélagi voru. Er þetta ekki sagt til að niðra íbúum Siglufjarðar, enda væri slíkt órjettmætt. Þeir hafa mesta skapraunina af því haft, hvaða svip bæjarlífið fær þar oft og einatt, þegar flest er þar um aðkomumenn.

Fyrir skömmu gerðu kommúnistar á Siglufirði alvarlega tilraun til þess að hleypa þar allri síldaratvinnu í strand. Þetta mistókst. Og þó náðu þessir óaldarseggir að nokkru leyti tilgangi sínum, er Ármann Sveinsson sagði upp starfi sínu á síldarstöð Ingvars Guðjónssonar.

Það mun hafa þótt dýrt spaug, að hleypa síldarútgerð Siglufjarðinga í tvísýnu, eins og þá stóð. En það er augljóst mál, að samvirkulansir fjanmenn hins ísl. þjóðfélags, kommúnistadrengir, færa sig upp á skaftið, þegar undan er látið.

Atburðirnir á Siglufirði á sunnudaginn, eru eðlileg afleiðing af undanlátssemi þeirri, er kommúnistarnir var þar sýnd um daginn. Þeim tókst ekki að stöðva síldaratvinnuna í það sinn. Þá tóku þeir upp nýja aðferð.

Til Siglufjarðar koma þýskir verslunarerindrekar, í þeim erindum að kynna sjer íslenska síldarverkun og framleiðslu.

Það er vitað, að afkoma síldarútgerðarinnar nú, sjómanna, verka manna og útgerðarmanna, er mjög undir því komin, hvernig tekst með viðskiftin við Þjóðverja.

Þetta vita kommúnistapiltarnir ekki síður en aðrir.

Þá grípa þeir til þess bragðs, að sýna þýsku þjóðinni þá freklegustu og strákslegustu móðgun, sem götudrengir á annað borð geta sýnt.

Þeir skera niður þýska stjórnarfanann, og viðhafa um leið ýmskonar ókvæðisorð í garð þessarar viðskiftaþjóðar vorrar, í von um, að með því megi takast að ófrægja svo þjóðina í augum útlendinga, að miður takist um væntanleg viðskifti.

Mikil síldveiði var fyrir norðan á sunnudag og í gær símaði frjetta ritari blaðsins á Siglufirði.

Siglufirskir kommúnistar svivirða stjórnarfána Þjóðverja.

Þeir skera fánann niður af húsi þýska ræðismannsins, rífa hann í tætlur, og hrópa um leið ýms ókvæðisorð.

Svohljóðandi skeyti barst frjetta stofu blaðamanna á sunnudaginn:

Siglufirði, FB, sunnudag.
Kommúnistar rjeðust í dag að bústað þýska ræðismannsins og skáru niður fána þýska stjórnarflokksins með hakakrossinum, sem ræðismaðurinn hafði dregið á stöng í fyrsta sinni í tilefni þess, að margir Þjóðverjar eru nú í bænnum. Rífu kommúnistar fánann í tætlur og tróðu hann niður í forina og hrópuðu ýms ókvæðisorð um Hitler og ræðismanninn. — Hjelt svo flokkurinn á braut. — Kona ræðismannsins var ein heima er óspektirnar voru gerðar.

Samtal við Sophus Blöndal.

Í gær átti blaðið tal við ræðismann Þjóðverja á Siglufirði, Sophus Blöndal útgerðarmann.

Honum sagðist frá á þessa leið:

Það er venja hjér á Siglufirði, að ræðismenn erlendra þjóða draga fána á stöng um helgar, um síldveiðatímann, til leiðbeiningar fyrir útlendinga er hingað koma. Því um helgar eru hjér að jafnaði mörg erlend skip á höfninni.

Samkvæmt nýrri tilskipun er jeg hefi fengið, eiga þýskir ræðismenn að hafa tvo fána, þjóðfánann og stjórnarfánann, með þorsmerkinnu. En jeg hafði ekki fyrri en í gær tvær fánastengur á íbúðarhúsi mínu. Þótti mér sjerstaklega vel til fallið á sunnudaginn, að draga stjórnarfánann upp í fyrsta sinni, því hjér voru margir Þjóðverjar nýkomnir til bæjarins, m. a. nokkrir síldarakaupmenn, er hafa í hyggju að kaupa hjér síld.

Jeg var heima við eina klukkustund eftir að jeg hafði dregið upp fánana, og þar ekkert til tíðinda. Fór jeg síðan suður á bryggjur. Þangað frjetti jeg, að 30—40 kommúnistar hefðu komið heim að húsi mínu og skorið niður þórshamarsfánann. Sneri jeg strax heimleiðis. En er jeg kom heim voru kommúnistar á bak og burt. En tætlur lágu nálægt húsinu af fánanum, og hirti jeg þær.

En sjónarvottar utan kommúnista hópsins segja svo frá, að fyrirlíði kommúnista þarna hafi verið Lóroddur Guðmundsson.

Fánann skáru þeir niður af stönginni, og síðan skáru þeir og rífu hann í sundur.

Meðan á þessu stóð hrópuðu þeir ýms ókvæðisorð um Hitler og nazismann.

En síðan sneru þeir brott. Staðnæmdust þeir aðeins fáar mínútur við húsið.

— Höfðu kommúnistar á Siglufirði ekki hótað því fyrr, að skera niður fánann?

— Eitthvað heyrði jeg um það í vor, sagði S. B., en jeg taldi enga ástæðu til að skifta sjer neitt af því.

— Hvað hefir verið gert í málinu?

Jeg tilkynti til aðalræðismannsins í Reykjavík hvað gerst hefði. Stjórnin tók síðan málið í sínar hendur. Rjettarhöld byrjuðu á sunnudag, og er ekki lokið enn. Er búist við að þeim verði lokið í kvöld.

Frá rjettarhaldinu.

(Einkaskeyti).

Siglufirði, mánudag.

Rjettarhöld út af árás kommúnista á þýska konsúlutið stóðu yfir í gær til miðnættis, eða samfleytt í 12 stundir. Halda þau áfram í dag og mun verða lokið í kvöld. Rjettarprófin verða síðan sendráðuneytinu suður.

Margir voru yfirheyrðir í gær, því að fjöldi fólks í nærliggjandi húsum horfði á er ofbeldismennirnir brutust inn á friðhelgan reit umhverfis bautasteininn sem Norðmenn reistu til minningar um Hafliða heitinn Guðmundsson, en steinninn stendur framan við bústað ræðismannsins, Sophusar Blöndal, tengdasonar Hafliða.

Kommúnistar játuðu á sig verknaðinn og hafa í hótunum að endurtaka hann.

Fjórir sakborningar voru yfirheyrðir í gær, þeir kommúnistarnir Þóroddur Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Aðalbjörn Þjetursson og Eyjólfur nokkur frá Ísafirði. Hefir kommúnista æsingaskrifill safnast hingað hvaðanefa af landinu og er Ísfirðingurinn einn þeirra.

Sakborningarnir játuðu tregðulaust verknaðinn og kváðust reiðubúnir að endurtaka hann ef tækifæri byðist.

23 bolsa-spæjarar

teknir fastir í Finnlandi.

Hinn 17. júlí kom sú fregn til sænskra blaða frá Helsingfors, að lögreglan í Finnlandi hefði veitt vel. Hún hefði sem sje náð í mann, sem Nieminen heitir, og var njósnari fyrir Rússa í Finnlandi og forstjóri leynifélags, er stendur fyrir njósnunum þar, eftir fyrirskipunum Sovjet-stjórnarinnar. Og eftir því náði lögreglan í 22 af þessum njósnurum, og hefir þeim öllum verið stefnt fyrir dómstólinn í Vasa.

Þegar Nieminen var tekinn fastur fundust á honum fölsuð vegabréf, útbúin af Sovjet-stjórninni. Árið 1929 hafði hann farið huldu höfði frá Finnlandi yfir til Rússlands og gengið þar á njósnarskóla stjórnarinnar. Að „námi“ loknu hafði Sovjet-stjórnin fengið honum of fjár í fínskum mörkum og fór hann þá til Finnlands aftur til þess að stjórna njósnunum þar. Stofnaði hann þar margar kommúnista-„cellur“, sem hjeldu njósnunum uppi undir yfirstjórn hans og samkvæmt fyrirmælum Sovjet-stjórnarinnar.

Flug Griersons.

Hann kom hingað laust fyrir kl. 3 í gær.

Á sunnudagsmorgun kom hingað frjett um það, að enski flugmaðurinn, John Grierson, hefði lagt á stað frá Scapa Flow kl. 0.45 og ferðinni fyrst heitið til Færeyja, en ef veðurútlit væri sæmilegt þegar til Þórshafnar kæmi, var það ætlan hans að halda áfram til Íslands.

Veðurhorfur voru þá ekki góðar. — Um morguninn hafði verið þrumuveður og ofviðri í Scapa Flow og tafði það burtför flugmannsins. Og þótt það veður lægði, voru horfur ekki góðar, vestan og norðvestan vindur allhvass í hafinu alla leið, en þó talsvert hvassara milli Færeyja og Íslands heldur en milli orkneyja og Færeyja. Mikil rigning var í Færeyjum um það leyti, sem flugmaðurinn lagði á stað.

Um miðjan dag á sunnudag frjettist, að flugmaðurinn hefði komið til Þórshafnar í Færeyjum kl. 12.50 eftir hádegi. Varð hann að fljúga nokkra hringa yfir bæinn og höfnina til þess að átta sig á lendingarskilyrðum, áður en hann þyrði að setjast.

Beið hann nú eftir veðurfregnum um hjeðan um það hvort hann skyldi halda áfram lengra þann daginn, en kl. um 3 var hann ákveðinn í því að halda kyrru fyrir í Færeyjum, það sem eftir var dagsins, og freista ekki flugsins fyr en í gær.

Veðurútlit var hjér ekki gott í gærmorgun, rigning mikil og dimmviðri, en fremur horfur á því að birta mundi.

Kl. 5 fekk Grierson veðurfregnir hjeðan, og kl. 7 var hann enn ófarinn frá Færeyjum. Þótti þá bera til beggja vona um það hvort hann mundi fljúga þann daginn, en svo mun veður hafa tekið að birta í Færeyjum og kl. 8.30 lagði flugmaðurinn á stað þaðan.

Veður hjelst dimt hjér með rigningu, þó heldur tæki að ljetta þegar fram á daginn kom. Símtöðvar á Suðurlandinu, þar sem líklegt þótti að verða mundi vart við flugmanninn, er hann kæmi að landinu, höfðu verið beðnar að tilkynna þegar hingað til Reykjavíkur, þegar vart yrði við hann.

Um hádegi kom símfregn frá Vík í Mýrdal um það, að þar væri svo mikil þoka og dimmviðri að öldungis væri óvíst að flugmannsins yrði vart þegar hann færi þar fram hjá.

Þegar kl. var rúmlega eitt frjettist þó að hann hefði farið fram hjá Hjørleifshöfða, og skömmu síðar að hann væri kominn fram hjá Vík. Kl. 1½ varð hans vart hjá Vestmannaeyjum, en síðan frjettist ekkert til hans langa hríð.

Og þegar kl. var langt gengin þrjú, fóru menn hjér að gerast órólegir og óttuðust að eitthvað hefði orðið að honum. Beið fjöldi fólks víða þar sem helst myndi líkur til þess að sjá til hans fyrst. Þjuggust flestir við, að hans væri að vanta úr vesturátt, eins og annara flugmanna, sem hingað hafa

komu, og stöðu því þangað út í þokuna og súldið. En þegar kl. vantaði eitthvað 10 mínútur í þrjú sást til hans í austri og virtist sem hann kæmi stefnuna frá Þingvöllum. Hann bar þá hratt yfir og var ekki neitt að tvínóna við það að lenda. Flug hann einu sinni yfir bæinn og skelti sjer svo niður á ytri höfnina, skamt frá belgiska skentiferðaskipinu. Þar var hafnarbáturinn fyrir og leiðbeindi flugvælinni inn á innri höfnina. Fór hann fyrir en hún á eftir vestur í krikann hjá Örfirisey, þar sem flugvælinn Ahrenbergs lá forðum. Var þarna útbúið akkerisdufl fyrir hana og tókst flugmanninum að leggjast að því og festa flugvælinna við það, enda þótt hann væri einn síns liðs.

Fjórir bátar voru á sveimi í kring um hann og ætluðu að aðstoða hann ef með þyrfti, en hann þóttist einfær um það sem gera þyrfti, að ganga frá flugvælinni að öllu leyti. En þegar hann hafði lokið því, steig hann á hafnarbátinn og fór í land. Lenti báturinn við bryggju hjá nýju uppfyllingunni vestan við Grófina. — Þar beið bíll flugmannsins og ók með hann til Hótel Borg, þar sem hann dvelur meðan hann stendur hjér við. En óvíst er, hve löng sú dvöl verður. Það er ákveðið að draga flugvælinna upp í Slippinn, athuga hana þar og gera við hana, ef með þarf.

Grierson er ungur og gjörfurlegur maður, aðeins 24 ára gamall. Hann vill ekkert segja um flugfyrirætlun sína, og sem minst tala um sjálfan sig.

En í ensku blaði er stuttlega getið um þennan flugleiðangur hans og sagt frá manninum sjálfum. Hann ætlar að fljúga alla leið til New York og er í mjög lítilli flugvælinn sem Englendingar nefna „moth“, eða möllflugur, og vann hann það sjer til frægðar fyrir tveimur árum að fljúga í þessari sömu flugvælinn alla leið frá Karachi í Indlandi til Englands. Nú er flugvælinn betur búin að ýmsum nýtsku tækjum, svo sem Mareoni miðunarstöð, og tekur flugmaðurinn stefnu eftir þeim miðunum, sem hann fær frá loftskýtastöðvum á leiðinni.

Flugvælinn biluð.

Skömmu eftir að Grierson fór frá Færeyjum, varð hann var við einhverja bilun í hreyfli flugvælinnar og varð hann því að fara hægt.

Í gær var flugvælinn dregin upp í Slipp, og í dag verður farið með hana inn í Vatnagarða ef veður leyfir. Verður hún dregin þar inn í flugskálann og þar ætlar Grierson að taka hreyfilinn sundur og vita hvað að honum er. Enn er óvíst hve löng töf verður hjér vegna þessa, en búast má við að hann verði hjér nokkra daga.

Áheit á Helgafell kr. 2.00 frá N. N. 12. júlí 1933. S. Ó. L.